

Byggðastofnun þróunarsvið
maí 1992

ÁHRIF SAMDRÁTTAR Í SAUÐFJÁRRÆKT

Greinargerð unnin fyrir Stéttarsamband
bænda

Efnisyfirlit

Formáli	3
Landbúnaðurinn sem atvinnugrein.....	4
Sveitahéruðin	5
Sauðfjarræktin og þróun hennar	7
Hlutur sauðfjarræktar í landbúnaði	8
Niðurstöður.....	11

Formáli

Í október 1990 fór Stéttarsamband bænda þess á leit að Byggðastofnun yrði falið að meta áhrif fyrirsjáanlegs samdráttar í sauðfjárrækt. Þá þegar var vitað að samdráttur yrði nauðsynlegur þegar þágildandi búvörusamningur rynni út. Þessi greinargerð er tilraun til þess að leysa verkefnið af hendi með tilliti til breytinga sem framundan eru á högum sauðfjárþænda nú þegar nýr búvörusamningur hefur verið gerður.

Þegar Stéttarsambandið lagði fram beiðni sína var útlit fyrir að um yrði að ræða flatan niðurskurð á hvern framleiðanda í greininni í líkingu við það sem áður hafði verið gert. Í hinum nýja búvörusamningi var bændum gert tilboð um sölu á fullvirðisrétti og bústofni. Með því móti er gert ráð fyrir að nokkur hagræðing verði í landbúnaðinum. Þegar þetta er ritað er komið í ljós að enn frekari samdráttur í sauðfjárrækt er nauðsynlegur. Ekki hefur verið ákveðið endanlega hvernig hann verður framkvæmdur.

Í þessari greinargerð er í fyrstu fjallað um hlut landbúnaðar í atvinnulífi landsmanna og síðan um sauðfjárræktina og þróun hennar. Þá er fjallað um þau landsvæði þar sem sauðfjárræktin skiptir mestu máli. Að síðustu er fjallað um afleiðingar búvörusamningsins fyrir búsetuþróun í landinu.

Það er von stofnunarinnar að þessi skýrsla veiti gagnlegar upplýsingar um stöðu sauðfjárræktarinnar og hvaða afleiðingar þær breytingar sem nú ganga yfir muni hafa fyrir búsetuna.

Reykjavík í maí 1992
Guðmundur Malmquist

Landbúnaðurinn sem atvinnugrein

Hlutur landbúnaðar í atvinnulífi hér á landi hefur farið minnkandi undanfarin ár. Mynd 1 sýnir þróun ársverka í landbúnaði fram til ársins 1990 og hlutfall landbúnaðar af öllum störfum í landinu. Þróunin er auðsæ. Ársverkum í greininni fer stöðugt fækkandi. Hækkunin sem þarna er sýnd milli 1985 og 1986 er sennilega frekar vegna breyttra vinnureglna en raunverulegrar aukningar. Þess verður einnig að geta í þessu sambandi að á því tímabili sem myndin sýnir hafa nýjar atvinnugreinar bæst við í þann flokk sem gengur undir nafninu landbúnaður í hagskýrslum. Má þar nefna fiskeldi og loðdýrarækt. Aðrar greinar landbúnaðar hafa verið í vexti svo sem garðrækt, skógrækt og fleira. Samtals eru unnin rétt innan við 700 ársverk í þessum atvinnugreinum. Fækkun starfa í hinum hefðbundnu greinum landbúnaðar er því meiri en þessi mynd sýnir.

Á sama tíma hefur verið vöxtur í öðrum greinum atvinnu á Íslandi allt fram til ársins 1988 en síðan þá hefur verið samdráttur í atvinnu eins og kunnugt er. Samdrátturinn hefur þó verið meiri í landbúnaði en í öðrum atvinnugreinum. Þetta sést mjög skýrt á neðri línunni, en hún sýnir hlut landbúnaðarins í atvinnulífi landsmanna samtals.

Báðar línurnar á myndinni sýna þróun sem hefur undantekningarlaust átt sér stað í hinum þróaða hluta heimsins. Framleiðniaukning landbúnaðarins hefur verið miklu örrari en neysluaukningin með þessari afleiðingu. Þessi þróun átti sér stað fyrir í öðrum löndum og víða er hlutur landbúnaðarins minni en hér á landi. Þáttur landbúnaðarins til að halda uppi búsetu í landinu hlýtur því að fara minnkandi. Um þetta verður fjallað hér á eftir.

Mynd 1 Ársverk og hlutfall ársverka í landbúnaði á Íslandi

Auk þeirra sem starfa beint við búrekstur hefur töluverður fjöldi landsmanna vinnu við úrvinnslu landbúnaðarafurða og þjónustu við greinina. Ekki er einhlítt að greina þessi störf frá öðrum í þeim samhangandi vef sem hagkerfið er. Í slátrun, kjötiðnaði og mjólkuriðnaði eru unnin rétt innan við 2.000 ársverk. Í atvinnugreinunum „vefjariðnaður, skó- og fatagerð, sútun og verkun skinna“ eru unnin rúmlega 2.000 ársverk. Í fyrri floknum hefur ekki verið vöxtur undanfarin ár en í hinum síðari samdráttur. Allnokkur hluti þeirrar starfsemi sem talin er til síðari flokksins er ekki úrvinnsla úr íslenskum landbúnaðarafurðum.

Sveitahéruðin

Ekki er til einhlít skýring á því hvaða héruð landsins það eru sem kalla mætti landbúnaðar-
eða sveitahéruð. Sú skilgreining sem hér verður notuð eru allir þeir hreppar á landinu þar
sem minna en þriðjungur íbúanna býr í þéttbýli. Sú umfjöllun sem hér fer á eftir fjallar í einu
lagi um þau sveitarfélög á landinu sem uppfylla það skilyrði.

Mynd 2 sýnir íbúapróunina á þessu landsvæði. Hún hefur verið hrein og bein frá árinu 1974.
Frá þeim tíma hefur íbúum í sveit fækkað úr um tuttugu og einu þúsundi í tæp sautján
þúsund. Það vekur athygli við þessa mynd að þau miklu umskipti í byggðapróun sem urðu
um 1980 virðast ekki hafa haft mikil áhrif á sveitirnar. Á það hefur enda verið bent að sú
byggðaröskun sem nú gengur yfir snýr fyrst og fremst að þéttbýlisstöðum
landsbyggðarinnar.

Mynd 2 Sveitahéruð - Íbúafjöldi

Mynd 3 Sveitahéruð - Aldursskipting 1/1 1992

Mynd 3 sýnir aldursskiptinguna fyrir umrædd sveitarfélög. Á gráa svæðinu sést
aldursskipting þjóðarinnar til samanburðar. Þar sem gráa svæðið nær út fyrir svörtu línurnar
eru landsmenn hlutfallslega fleiri en sveitamenn. Mikilvægustu atriðin sem þessi mynd sýnir
eru þau umskipti sem verða á aldursskiptingunni eftir tvítugt hjá konum en fimm árum síðar
hjá körlum. Karlar eru fleiri en konur í sveitahéruðunum. Þetta er einkum áberandi í elstu
aldursflokkunum. Það sem myndin sýnir er alþjóðlegt fyrirbæri. Fólk flytur burtu þegar það
stofnar heimili. Fleiri konur flytjast burt en karlar og þær flytja yngri. Þeir taka við búunum
og eru oftast einbúar en konurnar. Hingað til hefur hlutfall barna í sveitum verið hátt en
vegna þess hve konur á barneignaldri eru orðnar hlutfallslega fáar í sveitum virðist breyting
einnig vera að verða þar á og yngstu börnin eru færri að hlutfalli til en hjá þjóðinni.

Mynd 4 Sveitahéruð - Ársverk 1981-1990

Mynd 4 sýnir atvinnuþróun og atvinnuskiptingu í sveitum landsins. Atvinnuþróunin er ekki
eins neikvæð og íbúapróunin. Atvinnuþátttaka í sveitunum hefur aukist eins og í þéttbýlinu.
Á mynd 5 er staðan á árinu 1990 sýnd nánar. Það sem vekur athygli á þessari mynd er að
landbúnaðurinn er langt frá því að vera eina atvinnugreinin í sveitunum þótt hún sé stærst.
Aðrar atvinnugreinar hafa vaxið þar einnig og raunar töluvert. Af rúmlega sjö þúsund
ársverkum í landbúnaði á landinu eru rúmlega fimm þúsund unnin í því sem hér eru kölluð
sveitahéruð. En eins og sjá má af myndinni er töluvert um aðra atvinnustarfsemi í hinum
dreifðu byggðum.

Mynd 6 endurspeglar þann vanda sem sveitahéruðin standa frammi fyrir. Þrátt fyrir að
skapast hafi nær 500 ný störf, einkum í þjónustugreinum, á tímabilinu 1981-1990 er
samdrátturinn í landbúnaði og öðrum greinum enn meiri. Í heild hefur fækkað um 1.374
störf í sveitahéruðunum á tímabilinu. Samdrátturinn er mestur í landbúnaðinum, yfir 1.500
störf sem er næstum því fjórða hvert starf sem unnið var árið 1981. Þá hefur þátttaka
sveitafólks í öðrum atvinnugreinum einnig minnkað. Þetta á við um fiskvinnslu, iðnað og
samgöngur.

Mynd 5 Sveitahéruð - Ársverk eftir atvinnuvegum 1990

Mynd 6 Sveitahéruð - Ný störf 1981-1990

Í sumum tilvikum hefur hér verið um að ræða að íbúar í sveitum hafi sótt atvinu í þessum greinum í önnur byggðarlög um lengri eða skemmri tíma.

Sauðfjárræktin og þróun hennar

Á undanförunum árum hafa vandamál landbúnaðarins verið mjög til umræðu í þjóðfélaginu. Þetta er eðlilegt og á sér margar ástæður.

Sá skipulagði samdráttur í sauðfjárrækt sem þegar hefur farið fram hefur í stórum dráttum verið þannig að allir framleiðendur hafa tekið hann á sig jafnt en þeir stóru þó hlutfallslega meira. Slík aðgerð á sér að sjálfsgöðu sín takmörk og mikil hætta er á að hún leiði til nokkurs óréttlætis. Sumir telja raunar að mesta óréttlætið felist í því að gefa ekki þeim kost á að framleiða mest sem gera það ódýrast.

En fé hefur fækkað af fleiri ástæðum. Þetta má sjá á mynd 7 sem sýnir nær stöðuga fækkun í bústofni frá hámarkinu 1977-1978. Sú fækkun sem ekki stafar af beinum samdrætti sem gengið hefur nær jafnt yfir alla framleiðendur stafar einkum af samningum bænda við Framleiðnisjóð og vegna riðuniðurskurðar þ.e. um 55.000 fjár. Fyrir árið 1992 er áætlað að heildargreiðslumark nemi 472.000 ærgildum og að fjöldi sauðfjár muni nema þeirri tölu. Reiknað er með því að 30.000 ærgilda fækkun verði vegna kaupa á óvirkum rétti en afgangurinn verði fækkun á raunverulegum bústofni.

Mynd 7 Fjöldi sauðfjár í landinu

Heimild Árbók landbúnaðarins 1989, Búnaðarfélag Íslands og búvörusamningur.

Hlutur sauðfjárræktar í landbúnaði

Ekki er með öllu einhlítt hver hlutur sauðfjárræktarinnar er í hefðbundnum landbúnaði. Í töflu 1 er gerð tilraun til að meta hann út frá vinnumagni. Í fyrsta dálki töflunnar eru sýnd ársverk í hefðbundnum landbúnaði (almennur búskapur) í hverju hinna 25 búmarkssvæða fyrir árið 1990.

Í næsta dálki er hlutur sauðfjárræktar sýndur. Þar hefur fullvirðisrétti á hverju búmarkssvæði verið skipt hlutfalli við bústofn og áætlað vinnumagn í hvorri grein hefðbundins búskapar. Hlutur sauðfjárræktar í búskapnum er mjög mismunandi. Lægstur er hann á stóru mjólkurframleiðslusvæðunum, Eyjafirði og Árnassýslu. Hæst er hlutfall sauðfjárræktar í N-Þingeyjarsýslu og Strandasýslu, yfir 90% en það er einnig mjög hátt á Austurlandi og stórum hluta Vestfjarða. Út frá þessum upplýsingum er hægt að reikna þriðja dálkinn en hann sýnir áætluð ársverk í sauðfjárrækt.

Með samanburði við heildarfjölda ársverka á hverju búmarkssvæði er reiknað hlutfall sauðfjárræktar í heildaratvinnulífi hvers svæðis. Þetta hlutfall er að sjálfsögðu mjög mismunandi, frá því að vera næstum ekki neitt á suðvesturhorninu upp í um og yfir þriðjung í Dalasýslu og A-Þarðastrandarsýslu; fjórðung í Strandasýslu og V-Húnavatnssýslu og V-Skaftafellssýslu. Niðurstaða þessa útreiknings er sýnd á mynd 8.

Tafla 1 Hlutur sauðfjárræktar í atvinnulífi

Mynd 8 Hlutur sauðfjárræktar af öllum ársverkum

Tölur Byggðastofnunar um vinnumarkaðinn byggjast á upplýsingum um einstök sveitarfélög. Nú er að sjálfsögðu vitað að sauðfjárræktin er að mestu leyti stunduð utan þéttbýlis og því væri æskilegt að geta dregið þéttbýlissvæðin frá þegar meta skal mikilvægi hennar. Því miður (vegna þessarar athugunar) eru ekki allir þéttbýlisstaðir sérstök sveitarfélög og því er sums staðar ekki hægt að draga atvinnustarfsemi þeirra frá með auðveldum hætti. Síðustu tveir dálkar töflunnar sýna tilraun til þess að meta mikilvægi sauðfjárræktarinnar í sveitunum. Niðurstaða þessa útreiknings gefur nákvæmari mynd af mikilvægi sauðfjárræktarinnar sums staðar en því miður ekki alls staðar. Hlutfallið er hæst í V-Ísafjarðarsýslu, Dalasýslu, N-Ísafjarðarsýslu og á Ströndum. Hvorugur þessara mælikvarða getur talist hinn eini rétti. Fyrri viðmiðunin getur átt fullan rétt á sér á þeim búmarkssvæðum þar sem samgöngur eru greiðar og bændur gætu sótt vinnu í þéttbýlið. Síðarnefndi mælikvarði gefur því ekki endilega nákvæmari mynd af mikilvægi sauðfjárræktarinnar fyrir viðhald búsetu á tilteknum svæðum.

Á mynd 9 er gerð önnur tilraun til að sýna hvar sauðfjárræktin skiptir mestu máli. Á myndinni hefur fullvirðisrétti í sauðfjárrækt verið deilt niður á ársverk sem unnin eru í landbúnaði í viðkomandi sveitarfélagi. Þar sem niðurstaðan er há tala skiptir sauðfjárræktin væntanlega miklu en þar sem talan er lág skiptir hún litlu innan landbúnaðarins. Landið

skiptist mjög eindregið með tilliti til þessa mælikvarða. Norðausturhornið sker sig úr með tilliti til mikilvægis sauðfjárræktarinnar. Hið sama gildir um suðausturland, sunnanverða Vestfirði, Dalasýslu og Húnaflóa. Þingvallasveit og Grafningur eru undantekningar á suðvestanverðu landinu. Annars staðar skiptir sauðfjárræktin minna máli.

Mynd 9 Ærgildi 1991 á ársverk í landbúnaði 1990

Annað atriði varðandi sauðfjárræktina er mikilvægt. Almennt hefur verið gengið út frá því við aðgerðir varðandi sauðfjárrækt að þeir sem hana stunda hafi af því lífsviðurværi. Reiknað hefur verið út að ákveðinn fjöldi fjár þurfi til að vinna við það sé eitt ársverk eða svo mikið að nægi til framfærslu venjulegrar fjölskyldu í sveit. En hvað gerist ef litið er á stærðardreifingu þeirra sem hafa einhvern fullvirðisrétt í sauðfjárræktinni.

Mynd 10 Dreifing fullvirðisréttar eftir bústærð

Mynd 10 á að sýna það. Þetta er svokölluð Lorenz-kúrfa. Hún er búin til með því að raða öllum fullvirðisréttarhöfunum í röð eftir því hvað þeir hafa mikinn rétt frá þeim sem minnst hefur til þess sem mestan rétt hefur og skoða svo skiptingu á hlutfallslegum fjölda framleiðenda annars vegar og hlutfalli framleiðslunnar hins vegar. Ef allir framleiðendur væru jafnstórir mundi hornalínan sýna dreifinguna. Eftir því sem bogalínan er lengra frá hornalínunni þeim mun meiri ójöfnuður er í dreifingunni.

Á myndinni má sjá að sá helmingur framleiðenda sem hefur minnstan fullvirðisrétt er einungis með fimmta hluta (18,4%) af heildarfullvirðisréttinum. Fimmtungur framleiðenda með mestan rétt sér um helming framleiðslunnar. Þessu er ekki nærri því svona farið með fullvirðisrétt í mjólkurframleiðslu. Þegar greinarnar eru lagðar saman verður myndin aftur líkari þessari vegna þess hvað margir framleiðendur eru aðeins með fáar kindur og engan búskap annan.

Inn á myndina er búið að merkja hversu stóran bústofn um er að ræða. Rúmur þriðjungur framleiðenda er með innan við 100 ærgildi. Einungis um 8% er með yfir 400.

Niðurstaða þessarar könnunar er að langflestir þeirra sem þessa atvinnugrein stunda hafa jafnframt viðurværi af öðru eða lifa í fátækt ella. Vitað er um dæmi þess en það er ekki dæmigert að svo sé.

Á myndum 11 og 12 er reynt að veita nokkrar upplýsingar um þessi atriði. Á mynd 11 er sýnt hversu margir bændur hafa innan við 50 ærgildi í sauðfé sem hlutfall af öllum fullvirðisréttarhöfum. Þetta hlutfall virðist ekki mjög hátt en þó hæst á suðvesturhorninu og hjá þéttbýlisbúum með sauðfé. Mynd 12 sýnir hversu mikill hluti sauðfjárframleiðslunnar er í höndum bænda sem hafa yfir 200 ærgilda framleiðslurétt í mjólkurframleiðslu. Þetta hlutfall er víða töluvert hátt, sérstaklega í S-Þingeyjarsýslu og á Suðurlandsundirlendinu vestanverðu. Á þessum svæðum er það frá þriðjungi að tæpum helmingi.

Mynd 11 Fjöldi sauðfjárþænda með innan við 50 ærgilda fullvirðisrétt 1991

Hlutfall af heildarfjölda sauðfjárþænda á hverju svæði

Á mynd 13 er sýnt hversu mikill hluti sauðfjárframleiðslunnar er í höndum þænda sem eru 60 ára og eldri. Myndin byggir að vísu ekki á upplýsingum um fullvirðisrétt heldur innlegg í sláturhús. Hún á þó engu að síður að gefa allgóða vísbendingu um það hvar þændur eru elstir og hvar yngstir.

Mynd 12 Hlutfall fullvirðisréttar í sauðfé 1991 hjá þændum með yfir 200 ærgilda fullvirðisrétt til mjólkurframleiðslu

Mynd 13 Hlutfall fullvirðisréttar þænda 60 ára og eldri

Niðurstöður

Inngangur

Hér að framan hefur verið fjallað um ýmsa þætti sem ætlað er að upplýsa um sauðfjárrækt hér á landi, um þá sem hana stunda og mikilvægi greinarinnar fyrir búsetu í landinu. Þá liggur fyrir að draga saman niðurstöður um það hver áhrif verða af samdrætti samkvæmt búvörusamningi. Þegar er komið fram að undanfarin ár hefur sauðfé í landinu fækkað verulega, um nær því helming frá því að fé var flest. Sú fækkun sem nú stendur yfir er ekki mikið meiri en fækkun undanfarinna ára ef frá er talið árið 1979 þegar sauðfé fækkaði milli ára um 94 þúsund.

Niðurstöður hinnar svo kölluðu sjö manna nefndar og búvörusamningsins sem gerður var í kjölfar nefndarstarfsins eru í meginatriðum tvær: Annars vegar skal sauðfé fækkað þannig að framleiðslan samræmist innanlandsmarkaði fyrir kindakjöt. Hins vegar skal auka hagkvæmni í greininni þannig að hægt sé að lækka verð til framleiðenda kerfisbundið án þess að það hafi áhrif á afkomu þeirra. Gert var ráð fyrir að ná fyrra markmiðinu með tilboði til bænda um að ríkið keypti af þeim bústofn til slátrunar svo og réttinn til að framleiða sauðfjárafurðir með fjárhagslegum stuðningi almennings. Síðara atriðinu á að ná með tvennum hætti. Annars vegar var töluverður fjárhagslegur hvati fyrir bændur að leggja alveg niður sauðfjárrækt. Við það fækkar framleiðendum í greininni og má af þeim sökum búast við aukinni framleiðni og þar með möguleikanum á því að geta boðið vöruna á lægra verði en nú er. Hins vegar er reynt að ná þessu markmiði með því að heimila bændum að kaupa og selja fullvirðisrétt sín í milli.

Í þessari greinargerð hefur verið fjallað um sauðfjárþætti. Fram hefur komið að þeir byggja allflestir afkomu sína að uppistöðu til á annarri starfsemi en sauðfjárþætti. Sýnt hefur verið fram á hversu hátt hlutfall þeirra eru kúabændur en ekki eru haldbærar upplýsingar um það hvaða aðra atvinnu sauðfjárþætti stunda. Einnig hefur verið sýnt fram á það hvar sauðfjárræktin er stunduð í landinu og hvar hún hefur hlutfallslega mest vægi fyrir búsetu.

Nú liggja fyrir gögn um þá sem sóttu til landbúnaðarráðuneytisins um sölu á fullvirðisrétti. Niðurstöður um einstök búmarkssvæði eru sýnd í eftirfarandi töflu.

Tafla 2 Fullvirðisréttur í sauðfjárrækt og viðbrögð við tilboði ríkisvaldsins

Búmarkssvæði	Virkur réttur 1991	Reiknuð skerðing	Virkur réttur boðinn til sölu
1 Gullbringu- og Kjósarsýsla	5.047,8	605,7	1.654,3
2 Borgarfj. sunnan Skarðsheiðar	8.608,9	1.033,1	2.176,1
3 Borgarfj. norðan Skarðsheiðar	13.070,9	1.568,5	1.225,1
4 Mýrasýsla	20.374,1	2.444,9	1.982,9

5	Snæfellsnessýsla	21.864,5	2.623,7	2.382,9
6	Dalasýsla	32.071,8	3.078,9	2.830,6
7	A-Barðastrandarsýsla	9.974,6	957,6	896,4
8	V-Barðastrandarsýsla	6.440,0	772,8	1.143,9
9	V-Ísafjarðarsýsla	11.171,6	1.072,5	1.088,8
10	N-Ísafjarðarsýsla	9.781,5	939,0	1.771,4
11	Strandasýsla	28.074,4	2.021,4	1.834,6
12	V-Húnavatnssýsla	34.617,6	3.323,3	1.990,7
13	A-Húnavatnssýsla	32.054,6	3.846,6	3.285,6
14	Skagafjörður	40.734,6	4.888,2	4.286,3
15	Eyjafjörður Fnjóskadals	vestan 39.491,4	4.739,0	7.170,0
16	S-Pingeyjarsýsla Fnjóskadals	austan 30.476,8	3.657,2	3.256,8
17	N-Pingeyjarsýsla	27.580,9	1.985,8	1.196,0
18- 21	Múlasýslur	58.018,4	5.569,8	6.924,6
22	A-Skaftafellssýsla	19.348,8	1.857,5	2.562,8
23- 25	Suðurland	114.566,4	13.748,0	12.896,6
Samtals		563.369,6	60.733,3	62.556,4

Heimild: Búnaðarfélag Íslands og landbúnaðarráðuneyti

Samkvæmt þessum upplýsingum hafa bændur á allmörgum búmarkssvæðum boðið til sölu meira af fullvirðisrétti en svæðum þeirra var ætlað en annars staðar vantar nokkuð upp á. Alls hafa 1.244 aðilar með virkan framleiðslurétt boðist til að selja eitthvað af honum, samtals 62.556 ærgildi. Alls 1.206 bjóða til sölu af hinum virka rétti, þ.e.a.s. af framleiðslu sem þeir stunda.

Af þeim bændum sem bjóða fullvirðisrétt til sölu eru 490 sem vilja leggja búskap með fé alveg niður og bjóða þeir samtals til sölu 40.742 ærgildi eða um tvo þriðju framboðinna ærgilda. Þeir bændur sem einungis vilja draga úr framleiðslu eru 754 og þeir bjóða fram 21.815 ærgildi. Þessar tölur tóku breytingum á síðustu dögum tilboðsins því undir lok ágústmánaðar var yfir 50% allra sem selja vildu framleiðslurétt tilbúinn að leggja niður sauðfjárframleiðslu sína alveg. Virðist svo sem allmargir bændur sem ætluðu sér ekki að leggja niður framleiðslu sína hafi beðið átekta og ekki ákveðið hversu mikið þeir væru tilbúnir að draga úr af sjálfsdáðum (gegn hærri greiðslu en ef um fyrirskipaðan samdrátt hefði verið að ræða) fyrr en ljóst var hversu margir ætluðu að selja allan framleiðsluréttinn. Þegar nokkurn veginn var komið í ljós hver samdrátturinn hefði orðið hafa bændur boðist til að draga úr framleiðslu um það bil sem nemur þeim samdrætti sem þeir hefðu orðið fyrir hvort sem var.

Í töflunni hér fyrir neðan er sýnt hvernig hinn fyrirhugaði samdráttur kemur til með að hafa áhrif á stærðardreifingu í sauðfjárræktinni. Þrátt fyrir að framleiðendum fækki um nær 500 (tölum ber ennþá ekki alveg saman, að einhverju leyti vegna mismunandi skil-greininga) stækkar meðalbúið einungis um 3 ærgildi eða 1,8%.

Tafla 3 Seljendur fullvirðisréttar eftir stærð bús

Bústærð	Framleiðendur		Seljendur		Selja allt		
ærgildi	fjöldi	virkur réttur	fjöldi	seldur réttur	hlutfall af rétti	fjöldi	seldur réttur
>0-50	1.031	22.288	269	5.094	23%	236	4.821
51-100	788	59.617	207	9.145	15%	107	7.441
101-150	666	83.298	138	8.479	10%	47	5.491
151-200	536	93.368	146	8.420	9%	32	5.378
201-250	397	89.276	117	8.324	9%	22	4.843
251-300	312	85.043	91	6.080	7%	12	3.249
301-350	210	68.041	88	7.866	12%	17	3.249
351-400	144	53.615	64	4.594	9%	7	2.528
401+	175	85.511	91	4.706	6%	4	1.680
Samtals	4.259	640.057	1.211	62.710	10%	484	40.842

Að því er varðar aldur umsækjenda virðast fyrirliggjandi upplýsingar benda til þess að aðgerðirnar valdi nokkurri yngingu í stétt sauðfjárþænda. Á mynd 14 er sýnd hlutfallsleg aldurskipting þeirra sem lögðu inn sauðfé í sláturhús árið 1990 annars vegar og þeirra sem sóttu um að selja allan framleiðslurétt sinn hins vegar. Í þeim hópi eru taldir allir þeir sem skilja eftir 10 ærgildi eða minna.

Mynd 14 Aldursdreifing sauðfjárþænda

Annar flokkur þænda sem talið var að mundi vilja leggja niður sauðfjárrækt eru kúabændur. Raunar var það álit margra að áhugi þeirra á að losna við sauðfé væri bundinn þeim möguleika að þeir gætu keypt sér aukinn rétt í mjólkurframleiðslu. Því hugsi þessir bændur greiðsluna fyrir fullvirðisrétt og bústofn í sauðfé sem aðferð til að fjármagna kaup á framleiðslurétti í mjólk. Ljóst er að þetta getur ekki gengið fyrir alla. Jafnframt er ljóst af upplýsingum um aldur mjólkurbænda að á næstu árum er svigrúm til fækkunar framleiðenda. Hins vegar er ekki ólíklegt að algengara sé að einhverjir séu tilbúnir að taka við kúabúi af bónda sem vill hætta slíkum búskap en af sauðfjárþænda. Nú liggja fyrir upplýsingar um það hvernig þessi mál hafa þróast. Af þeim 490 þændum sem ætla að leggja sauðfjárrækt alveg niður eru 370 ekki með neinar kýr. Alls eru 1.358 mjólkurframleiðendur í landinu. Þar af eru 1.337 með eitthvað sauðfé eða næstum því allir. Af þeim eru 365 tilbúnir að minnka eitthvað við sig sauðfé. Þessir menn hafa samtals boðið fram 16.165 ærgildi til sölu. Hins vegar eru 120 kúabændur sem sauðfé hafa tilbúnir að leggja þann búskap alveg

niður. Þeir bjóða til sölu tæplega 10.000 ærgildi í sauðfé. Þeir hafa 51.000 ærgildisafurða framleiðslurétt í mjólk.

Almennar niðurstöður

Sú niðurstaða sem hægt er að draga nú er ekki afgerandi um þau áhrif sem þessi stefnumótun í málefnum landbúnaðarins mun hafa í för með sér.

Á þessu stigi málsins er ekki vitað hvaða bændur það eru sem hafa lægstan framleiðslukostnað kindakjöts í landinu. Ekki er ólíklegt að það kunni að vera bændur sem hafa sæmilega stór kúabú en geta haldið nokkurn fjölda sauðfjár í húsum sem fyrir eru á jörðum þeirra og heyjað í þennan stofn með búnaði sem þeir þurfa að eiga vegna kúabúskaparins. Þessir menn eru því minnst viðkvæmir fyrir því tilboði sem gert var, nema ef vera kynni að þeir sæju sér leik á borði vegna möguleikans á að auka mjólkurframleiðsluna.

Spurningin er hverjir séu með hagkvæmasta sauðfjárrækt: þeir bændur sem hafa uppistöðutekjur sínar af annarri atvinnustarfsemi en hefðbundnum búskap (s.s. iðnaðarmenn, opinberir starfsmenn, svína- eða hæsnabændur, o.s.frv.), kúabændur, eða þeir bændur sem hafa tekjur sínar að mestu leyti af sauðfjárbúskap.

Ekki eru handbærar upplýsingar um þetta atriði en ef það eru tveir fyrri hóparnir er vandi fyrir höndum. Það er augljóslega vilji stjórnvalda að láta samdráttinn koma vægast niður á þeim héruðum þar sem sauðfjárræktin skiptir mestu máli fyrir búsetu. Þar hafa bændur ekki að mörgu öðru að hverfa, hvorki innan landbúnaðar eða í annarri atvinnustarfsemi. Það kann því svo að fara að þessi tvö markmið reynist ekki samrýmanleg: að ná fram aukinni hagkvæmni í sauðfjárrækt og tryggja jafnframt búsetu í þeim héruðum sem byggt hafa afkomu sína á þessari atvinnugrein.

Það verður erfitt að byggja upp aðra atvinnu í sauðfjárræktarhéruðunum eins og Framleiðnisjóði og Byggðastofnun er ætlað að gera samkvæmt búvörusamningum. Að sjálfsögðu mun þetta verða reynt en óraunsætt væri að ætla að slíkar aðgerðir nái verulegum árangri. Þessi svæði eru afskekkt og fámenn og þar bjóðast ekki aðrir atvinnumöguleikar. Þær tilraunir til að efla nýjar búgreinar sem hingað til hafa verið gerðar hafa sýnt hversu erfitt þetta er. Ferðapjónusta hefur nokkra möguleika til þess að vega upp á móti samdráttaráhrifum í sauðfjárræktinni en þeir eru hins vegar afar takmarkaðir í samanburði við samdráttarpörfina. Ýmsir bændur hafa möguleika til þess að sækja vinnu í næsta þéttbýli og geta því lagt niður búskap án þess að þurfa að flytjast búferlum um leið. Á örfáum svæðum á landinu hefur verið vöxtur atvinnu í dreifbýli. Má þar nefna uppsveitir Árnessýslu.

Á síðustu árum hefur orðið mikil aukning í atvinnuþróunarstarfi hvers konar um landsbyggðina alla. Byggðastofnun hefur samþykkt stuðning við verulegan fjölda slíkra verkefna. Vonandi verður sá árangur af þessu starfi að til verða fleiri störf, sem henta menntuðu fólki af báðum kynjum en langskólagengið fólk hefur átt mjög erfitt með að fá störf við hæfi á landsbyggðinni. Atvinnuþróunarstarfinu er að verulegu leyti beint að þéttbýlisstöðum landsbyggðarinnar. Dreifbýlið mun þó efalítið njóta afrakstursins.

Bændur reka sjálfstæða atvinnustarfsemi. Fyrir marga þeirra eru það mikil viðbrigði að verða launþegar. Það kemur vel til álita að aðstoða þá við þessa aðlögun með fræðslustarfi og þjálfun til annarra verka.

Innan ramma þess atvinnuþróunarstarfs sem nú er unnið að þarf að taka tillit til þess fjölda bænda sem hefur möguleika á að leggja niður búskap. Jafnframt hafa þeir væntanlega möguleika til þess að taka virkari þátt í slíku starfi ef það fer fram í þeirra byggðarlagi.

Áður hefur verið fjallað um það að samdráttaraðgerðunum er ætlað að leiða til þess að sauðfjárrækt í landinu verði hagkvæmari en nú er. Annars vegar þarf framleiðslukostnaður að lækka en hins vega þurfa þeir sem þessa atvinnugrein stunda að hafa bærillega afkomu. Þessum markmiðum verður ekki náð öðruvísi en að framleiðslan verði í höndum þeirra sem hafa lægstan tilkostnað og að framleiðendum fækki frá því sem nú er. Meðan aðlögun að þessu gengur yfir er vandkvæðum bundið fyrir opinbera aðila að hafa afskipti af þróun mála. Sennilega er því affarasælast að leyfa bændum frjálsa sölu fullvirðisréttar sín í milli án allra hindrana af hálfu hins opinbera. Þannig ætti á nokkrum árum að nást hagkvæmari sauðfjárrækt en nú er í landinu. Ekki er hægt að gefa sér fyrirfram hverjir það yrðu sem framleiddu hagkvæmast eins og þegar er komið fram.

Að sjálfsögðu koma mörg önnur atriði til athugunar þegar meta skal hvar fækka skuli sauðfé þannig að það valdi sem minnstri búseturöskun. Af mikilvægum atriðum má nefna spurninguna um landgæði. Til þess að hægt sé að réttlæta áframhaldandi sauðfjárrækt þarf beitarþol að vera nægilegt. Ef svo er ekki skiptir ekki máli hvort þessi búskapur er mikilvægur fyrir búsetuna eða ekki því þá skortir náttúrulegar forsendur.

Þau landsvæði þar sem vandinn vegna samdráttar í sauðfjárrækt verður mestur eru Dalasýsla og A-Barðastrandarsýsla; Strandasýsla og V-Húnavatnssýsla og V-Skaftafellssýsla. Á öllum þessum búmarkssvæðum stendur sauðfjárræktin fyrir meira en fimmtungi allra ársverka. Innan heilla búmarkssvæða eru þó svæði sem eru í líkri stöðu þar sem sauðfjárræktin skiptir verulegu máli og samgöngur bjóða ekki upp á atvinnusókn fyrir þá sem leggja niður búskap. Dæmi um slík svæði eru V- og N-Ísafjarðarsýsla, N-Þingeyjarsýsla, A-Skaftafellssýsla og syðsti hluti S-Múlasýslu. Síðan eru enn takmarkaðri svæði til þar sem saman fer hátt hlutfall sauðfjárræktar og erfiðar samgöngur eða miklar vegalengdir. Þar má víða búast við að búseta dragist mjög saman eða leggist jafnvel alveg af. Dæmi um slíkt eru Hólsfjöll í N-Þingeyjarsýslu.

Á flestum þessara svæða hefur fólki fækkað á undanförunum árum. Flest eru samgöngulega afskekkt og einangruð. Atvinnuþróunarstarfi hefur verið misjafnlega mikið sinnt á þessum landsvæðum. Þannig hefur slíkt starf verið öflugt í V-Húnavatnssýslu undanfarin tvö ár. Tvenn atvinnuþróunarverkefni eru í gangi í V-Skaftafellssýslu. Átaksverkefni stendur nú yfir í Dalasýslu og A-Barðastrandarsýslu. Í N-Þingeyjarsýslu er starfandi atvinnuþróunarfélag og þar er atvinnumálafulltrúi á vegum Byggðastofnunar. Formlegt atvinnuþróunarstarf hefur ekki verið unnið í Strandasýslu og þar er hætt við því að erfitt verði um vik að efla atvinnulíf sem byggir á öðru en nýtingu þeirra náttúruauðlinda sem á svæðinu er að finna.

Þetta eru þau svæði þar sem búast má við því að áhrifin verði erfiðust viðureignar. Íbúafjöldi er víðast orðinn svo lítill og vegalengdir langar að ef framleiðendum fækkar er ekki hægt að

veita nauðsynlega þjónustu. Á öðrum landsvæðum verða áhrifin ekki eins áberandi enda þótt alls staðar séu jaðarsvæði sem búast má við að fari halloka. Í hinum þéttbýlli sveitum skiptir meginmáli hvernig til tekst að ná markmiðum um aukna hagræðingu. Enda þótt sveitir landsins séu allar verulega fámennari en fyrir nokkrum áratugum hafa samgöngubætur fært stór svæði svo saman að þau geta myndað lifandi félagsheildir. Þarna skiptir miklu að hagur þeirra bænda sem sauðfjárrækt munu stunda, batni frá því sem verið hefur. Það mun að verulegu leyti fara eftir því hvernig viðskipti með fullvirðisrétt þeirra í milli munu þróast.

Mikilvægt er að samdráttaráhrif á tekjur bænda koma ekki fram strax vegna þeirra greiðslna sem þeir fá úr ríkissjóði við samdráttinn. Nú liggur fyrir að sauðfjárræktin þarf að laga sig að því að framleiða einungis fyrir innanlandsmarkað og einnig mun innflutningur á unnum kjötvörum að öllum líkindum verða leyfður á næstu árum. Þessar breytingar á ytri aðstæðum greinarinnar krefjast róttækra breytinga hjá þeim sem stunda sauðfjárrækt. Mikilvægt er að hið opinbera styðji við þessa aðlögun eftir mætti. Það er með öllu tilgangslaust að berjast gegn henni og neita að horfast í augu við staðreyndir.